

Ár 1985, miðvikudaginn 23. janúar, var í málinu nr. 6/1984 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


Ú R S K U R Ð U R :


Málavextir eru þeir, að í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1983, var sumarbústaður í eigu Ólafs Sigvaldasonar o.fl., á spildu úr landi Heiðarbæjar í Þingvallasveit, metinn á kr. 374.000,- og geymsla á sömu spildu á kr. 111.000,-. Með bréfi, dags. 10. febrúar 1984, kærði Ólafur mat þetta til Fasteignamats ríkisins. Með úrskurði 28. mars 1984 lækkaði Fasteignamat á sumarbústaðnum í kr. 258.000,- og á geymslu í kr. 44.000,-. Þessum úrskurði skaut kærandi til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 10. apríl 1984. Telur kærandi mat umræddra mannvirkja of hátt og vísar þar einkum til sumarbústaða í grenndinni. Hefur kærandi rökstutt sjónarmið sín nánar í bréfum sínum.


Athugun nefndarinnar leiðir í ljós, að umræddur sumarbústaður sé eigi of hátt metinn. Hins vegar verður ekki séð, að heimilt hafi verið að taka geymsluna í fasteignamat það, sem tók gildi 1. desember 1983, sbr. 3. tölul. 6. gr. reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat. Ber því að fella geymsluna úr fasteignamati.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Fella ber ofangreinda geymslu úr fasteignamati, en að öðru leyti er kæran ekki tekin til greina.


Gaukur Jörundsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon